

**398. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtún1, Tálknafjörður,
miðvikudaginn 11. mars 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaugur Jónsson (GJ), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Olga Möller (OM)

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir

Guðni Ólafsson setti fundinn og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðun, svo var ekki.

Dagskrá:

1. 0902005F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 22

Vísað aftur til bygginganefndar með tilmælum um að athuga betur vilja íbúanna við innanverða Strandgötu með tilliti til hámarkshraða. Samþykkt með 4 atkvæðum. Bragi sat hjá.

2. 0902008F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 23

Fundargerðin staðfest með 4 atkvæðum, Guðni sat hjá.

3. 0903005F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 24

Fundargerðin staðfest, samhljóða.

4. 0902009F - Atvinnumálanefnd - 38

Fundargerðin staðfest, samhljóða.

5. 0903002F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 37

Fundarmenn að Braga frátöldum harma að mál af þessu tagi skuli koma inn á borð sveitarstjórnar.

6. 0903039 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð stjórnar 23. febrúar 2009

Fundargerð til kynningar.

7. 0903037 - Samband íslenskra sveitafélagap Fundargerð 761. fundar

Fundargerð til kynningar.

8. 0903028 - Hafnarsamband Íslands. Fundargerð 319. fundar

Fundargerð til kynningar.

9. 0903023 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð heilbrigðisnefndar 6. febrúar 2009

Fundargerð til kynningar.

10. 0903043 - Ráðningasamningur afleysingaframkæmdarstjóra

Bókun frá Braga: Á sama tíma og niðurskurður, samdráttur og aðhald á að vera hjá sveitarfélaginu, þá finnst mér ekki réttlætanlegt að auka kostnað sveitarfélagsins með hærri greiðslum til nýráðins framkvæmdastjóra Tálknafjarðarhrepps. Fyrir lá samþykkt sveitarstjórnar um að ráðið yrði í stöðuna á sömu kjörum og framkvæmdastjórinn (Eyrún Ingibjörg) hafði. Capacent Gallup átti að hafa allar upplýsingar um launakjör sem í boði voru og því kom það algerlega í opna skjöldu þegar umsækjendur komu í viðtal við sveitarstjórn og höfðu ekki verið upplýstir um kaup og kjör. Einnig var ég ekki upplýstur um endanleg launakjör áður en til ráðningar kom. Af þessum orsökum sé ég mér ekki fært annað en að sitja hjá við þessa afgreiðslu. Ráðningarsamningurinn samþykktur með 4 atkvæðum.

11. 0903042 - Prókúra til handa Olgu Möller

Samþykkt samhljóða.

12. 0903038 - Forsætisráðuneytið. Bréf dagsett 2. mars 2009

Lagt fram til kynningar.

13. 0903036 - Málþing; Sókn í eflingu atvinnulífs á suðursvæði Vestfjarða

Til máls tóku: BG, BB, GÓ, BGG, GJ, samþykkt að taka þátt ef hægt er að breyta fundardegi.

14. 0903033 - VerkVest drög að rammasamningi

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við verkalýðsfélögin og koma sambærilegum samningi á laggirnar.

15. 0903032 - Samband íslenskra sveitafélaga. Boðun á XXIII landsþing

Málið áður afgreitt.

16. 0903044 - Viðlagatrygging Íslands. Vátryggingayfirlit veitu- og hafnarmannvirkja

Farið verði yfir matið og það staðfest ef það er talið standast.

17. 0903031 - Samgönguráðuneytið. Vegna fjárhagsáætlana 2009 og fjármálaalegra upplýsinga

Lagt fram til kynningar.

18. 0903029 - Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi. Landsráðstefna

Ákveðið að fara þess á leit við Sif Karlsdóttur að mæta á fundinn. Samþykkt samhljóða.

19. 0903027 - Halldór Karl Hermannsson. Beiðni um stuðning við BS ritgerð

Áður samþykkt í tölvupósti.

20. 0903026 - Lánasjóður sveitafélaga ohf. Aðalfundur 2009

Ítrekað að Eyrún hafi umboð til að mæta.

21. 0903003 - Bréf frá Ingólfi Kjartanssyni

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með aukna menntun skólastjóra og var erindi hans samþykkt samhljóða.

22. 0903004 - Bréf frá starfsmanni GT

Framkvæmdastjóra falið að koma vilja sveitarstjórnar á framfæri við skólastjóra. Bókun í trúnaðarbók.

23. 0902042 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2010-2012

Málinu frestað og tekið fyrir á aukafundi síðar í mánuðinum.

24. 0902033 - Tálknafjarðarhreppur, umsókn til endurbóta á Pollinum

Leyfi landeigenda liggur fyrir ef styrkur fæst.

25. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Olga lýsti fundum sem hún hefur átt með starfsmönnum og einnig þeim sem hún hyggst halda.

26. 0903030 - KSÍ tillaga til alyktunar. Stuðningur sveitafélga við íþróttastarf

Lagt fram til kynningar

27. 0903034 - Skipulagsstofnun. Listar yfir skipulagsfulltrúa, þá sem sinna skipulagsgerð og byggingarfulltrúa

Lagt fram til kynningar

28. 0903025 - Jöfnunarsjóður. Húsaleigubætur

Lagt fram til kynningar

29. 0903035 - Starfsendurhæfing Vestfjarða. Bréf til stofnaðila

Lagt fram til kynningar

30. 0903024 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Vatnsveita Tálknafjarðar

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20.30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____